



## Tillaga til ályktunar

– Niðurröðun í deildir og riðla yngri flokka (2., 3., 4. og 5. aldursflokkur) –

### Tillaga að breytingu á grein 25, 26, 27, 28, 33, 34, 35 og 36

#### **Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2019 samþykki breytingar á greinum 25, 26, 27, 28, 33, 34, 35 og 36 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót með eftirfarandi hætti:

Lagt er til, þegar þátttaka í Íslandsmóti er tilkynnt, að félögin leggi um leið fram óskir um hvort að viðkomandi flokkur (2., 3., 4. og 5. aldursflokkur) leiki í A- B- eða C-riðli/deild. Skulu óskir taka mið af styrkleika hvers flokks og leikmannafjölda. Mótanefnd KSÍ fer yfir óskir félaganna og raðar í riðla/deildir. Ef þörf krefur tekur mótanefnd einnig mið af árangri viðkomandi aldurshópa tveimur árum áður (þegar það á við), úrslitum í vetrarmótum og rökstuðningi félaganna (sem þarf að fylgja umsóknum).

Núgildandi ákvæði (greinar 25, 26, 27, 28, 33, 34, 35 og 36 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót) gera ráð fyrir því að þau tvö lið, sem verða neðst í A deild falla næsta keppnisár niður í B deild, en tvö efstu liðin í B deild taka sæti þeirra í A deild. Þau tvö lið, sem verða neðst í B deild falla næsta keppnisár niður í C deild, en tvö efstu liðin í C deild taka sæti þeirra í B deild. Lagt er til að þessu fyrirkomulagi verði breytt á þann hátt sem lýst er hér fyrir ofan, þ.e. í riðlakeppni í 4. og 5. flokki karla og kvenna og í deildarkeppni í 2. og 3. flokki karla og kvenna.

#### **Greinargerð**

Eitt af helstu markmiðum íþróttabjálfunar í yngri flokkum er að finna iðkendum vettvang þar sem þeir æfa með og keppa við aðra iðkendur á svipuðu getustigi. Með því móti má ætla að áskoranirnar verði hæfilega krefjandi og góðar líkur á að iðkandinn taki framförum og liði vel með íþróttaiðkun sína.

Á Íslandsmótum KSÍ er raðað í riðla/deildir út frá árangri flokksins árið áður. Í flestum tilfellum eru leikmenn á eldra ári í meirihluta í keppni A-liða en það eru mót A-liðanna sem ráða því hvaða félög fara upp um deildir/riðla og hvaða félög falla. Til dæmis getur sterkt eldra ár komið flokki sínum upp um deild en árið á eftir þarf næsti árgangur fyrir neðan að takast á við auknar áskoranir. Hvað ef sá árgangur er talsvert veikari? Hefði ekki verið nær að árgangurinn á undan hafi strax spilað í deild ofar við jafningja og að ári myndi flokkurinn færast niður um deild?

Það er ljóst að engin leið er skotheld til að raða niður í deildir/riðla en þó hlýtur að vera til mikils að vinna að breyta núverandi kerfi sem hefur fjölmarga ókosti í för með sér.

Tillagan sem hér er lögð fram getur orðið til þess að ójöfnum leikjum fækkar á Íslandsmótinu og á því græða allir. Það hefur lítinn knattspyrnulegan ávinning í för með sér að tapa með gríðarlegum mun og getur slíkt haft slæm áhrif á andlega hlið iðkenda til lengdar. Ennfremur, verður lærdómur lítill af því að vinna stórsigur á móti talsvert lakari andstæðingum. Tillögunni fylgir aukin ábyrgð félaganna og mótanefndar KSÍ og eru heiðarleiki og samvinna því lykilatriði.